

## REGLUGERÐ

### um rækjuveiðar á Breiðafirði 2011.

#### 1. gr.

Á tímabilinu frá og með 16. maí til og með 31. júlí 2011, er skipum sem eru 105 brl að stærð eða minni heimilt að stunda rækjuveiðar á Breiðafirði, sunnan 65°10'N og utan línu, sem dregin er réttvísandi norður frá Krossnessvita. Við veiðar á þessu svæði skal varpa skipanna búin seiðaskilju, sbr. reglugerð nr. 396, 22. apríl 2005, um úthafs rækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar, með síðari breytingum og smárækjuskilju eða net á legg í a.m.k. fjórum öftustu metrum vörpunnar, sbr. reglugerð nr. 543, 22. júlí 2002, um möskvastærðir og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri, með síðari breytingum Afli sem fenginn er við þessar veiðar reiknast til úthafs rækjuafla skipsins.

#### 2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 13. maí 2011.*

F. h. r.  
**Jóhann Guðmundsson.**

\_\_\_\_\_  
*Þórhallur Ottesen.*